

Fréttabréf



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance

1. tölublað 2025

Hjálpumst að heima og heiman

Við sendum þér 3.500 kr. völgreiðslu í heimabankann svo þú getir hjálpað þeim sem þurfa á því að halda



Spurðu bara gervigreindina!

Nú orðið segjum við stundum þegar við erum spurð um eitthvað sem við vitum ekki svarið við: „Spurðu bara gervigreindina“. Ég þykist svo sem vita margt um hjálparstarf eftir margra ára þátttöku í slíku starfi hér á Íslandi og erlendis, en mér lék forvitni á að vita hverju gervigreindin myndi svara við spurningunni: „Hvaða gagn er almennt af hjálparstarfi?“

Hér er svarið sem ég fékk:

Bjargar mannlífum

Veitir nauðsynlegar bjargar eins og mat, vatn, skjól og læknishjálp í hamförum, stríði og fátækt. Bólusetningar og lyfjagjöf koma í veg fyrir útbreiðslu hættulegra sjúkdóma. Neyðaraðstoð dregur úr dauðsföllum í kjölfar náttúruhamfara eins og jarðskjálfta eða fellibylja.

Bætir lífsskilyrði

Hjálpar til við uppbyggingu innviða eins og vatnsveitna, sjúkrahúsa og skóla. Gefur fólki aðgang að menntun og tækifærum sem það hefði annars ekki. Stuðlar að sjálfbærum lausnum svo samfélög geti orðið sjálfstæðari.

Veitir menntun og styrkir framtíðina

Menntunarverkefni hjálpa fólki að komast úr fátækt með því að veita þeim færni og tækifæri. Sérstaklega mikilvægt fyrir börn, því menntun gefur þeim framtíðarmöguleika. Fræðsla um hreinlæti og heilsu getur bætt lífsgæði margra kynslóða.

Eykur stöðugleika og dregur úr átökum

Fátækt og hungur geta valdið átökum - með því að bæta aðstæður dregur hjálparstarf úr hættu á stríði og ofbeldi. Stuðlar að jafnrétti, sérstaklega fyrir konur og minnihlutahópa, sem oft hafa skert tækifæri.

Þegar samfélög eru stöðugri, draga þau síður fólk inn í hryðjuverkastarfsemi eða glæpi.

Stuðlar að sjálfbærni og umhverfisvernd

Hjálpar til við endurheimt landbúnaðar, gróðursetningu trjáa og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Kennir samfélögum umhverfisvænar aðferðir til að takast á við loftslagsbreytingar. Dregur úr skaða af völdum þurrka, flóða og annarra umhverfisvandamála.

Skapar von og mannúð

Hjálparstarf sýnir að við sem mannkyn getum staðið saman og hjálpað þeim sem minna mega sín. Veitir fólki von og stuðning í erfiðum aðstæðum. Viðheldur gildum eins og samkennd, samhjálp og réttlæti. Þó að hjálparstarf sé ekki alltaf fullkomið, þá hefur það breytt lífi milljóna manna til hins betra.

Ég segi bara já og amen við þessu og býð þér að kynna þér starf Hjálparstarfsins og athuga hvort margt af þessu komi þá fram. Þú getur kynnt þér starfið á samfélagsmiðlum og heimasíðu okkar þar sem þú finnur meðal annars ítarlegar starfsskýrslur, fréttabréf og stakar fréttir.

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



Fræðslu um verkefni Hjálparstarfsins í Afríku, helgistund og fermingarfræðslu var fléttað saman við maraþondansinn.

Gengið í hús og dansað fyrir börn í Afríku

Börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar gengu í hús í fleiri en 50 sóknum um land allt í nóvember síðastliðnum. Börnin gáfu þannig af tíma sínum til að safna fé til verkefna Hjálparstarfsins í Afríku.

Alls söfnuðu fermingarbörnin tilvonandi 8.117.602 krónum og er framlag þeirra og fólksins sem tók vel á móti þeim afar dýrmætt. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Söfnunin í fyrrahaust var sú tuttugasta og fjórða í röðinni en hugmyndin að þessu samstarfi Hjálparstarfsins við söfnuði og kirkjur landsins kviknaði árið 1999. Hún var borin bréflega undir presta um allt land þá um haustið og var afar vel tekið. Safnanir fermingarbarna hafa síðan þá verið árlegur viðburður, ef haustið 2020 er tekið út fyrir sviga þegar ekki var safnað með formlegum hætti vegna sóttvarna í heimsfaraldri.

Dansmaraþon

Um 60 börn sem fermast frá Glerárkirkju héldu svo dansmaraþon á dögnum og söfnuðu áheitum hjá fjölskyldum sínum og vinum í stað þess að banka upp á hjá

fólki með bauk í hönd. Þau settu sér það markmið að dansa í sólarhring og stóðu við það. Hugmyndin að maraþoninu er frá séra Hildi Björk Hörpudóttur komin en hún var um árabíl sóknarprestur í Reykholtsprestakalli í Borgarfirði hvar krakkar þar í sveit dönsuðu þrisvar til styrktar vatnsverkefni Hjálparstarfsins.

Hugmyndin þar vaknaði út frá því að sum barnanna bjuggu í sveitinni og áttu því erfitt með að ganga í hús og því var þessi leið valin. Einnig hefur fræðslu um vatnsverkefnið, helgistund og fermingarfræðslu verið fléttað saman við dansinn á báðum stöðum.

Að sögn Eydísar Aspar Eypórsdóttur, djákna við Glerárkirkju, gekk dansinn ákaflega vel. „Lagðist þetta mjög vel í okkur því þetta er öðruvísi og spennandi og það sem best var að krakkarnir voru svo spenntir fyrir þessu, þeim fannst magnað að fá að gista í kirkjunni,“ segir Eydís.



Rúmlega 1.800 fjölskyldur leituðu aðstoðar fyrir jólin

Eins og mörg undanfarin ár voru umsækjendur um jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar fjölmargir. Þegar allt er talið þrjú undangengin ár sóttu á milli átján og nítján hundruð fjölskyldur um aðstoð Hjálparstarfsins til að geta gert sér dagamun og glaðst um hátíðirnar.

Þegar rýnt er í gögn Hjálparstarfsins um aðstæður fólksins sem leitaði eftir aðstoð kemur í ljós að mikill meirihluti býr í leiguhúsnæði. Langstærsti hópurinn leigði íbúð á almennum markaði. Nú sem fyrr blasir því við að húsnæðiskostnaður er meginástæða þess að fólk nær ekki endum saman. Aftur og aftur sjá félagsráðgjafar Hjálparstarfsins dæmi þess að þegar húsaleiga hefur verið greidd stendur aðeins lítil hluti greiddra launa eftir.

Þetta er þó ekkert nýtt. Svo langt sem horft er aftur koma sömu ástæður í ljós fyrir bágrri stöðu fólks. Því er fólk sífellt að glíma við sömu draugana sem er ekki síst ógnarhár húsnæðiskostnaður.

Börnin ganga fyrir

Sú regla er viðhöfð hjá Hjálparstarfinu við útteilingu aðstoðar á aðventunni að barnafjölskyldur ganga fyrir við úthlutun. Því stendur stór barnahópur að baki þeim umsóknum sem Hjálparstarfinu berast á aðventunni. Það er reynsla félagsráðgjafa Hjálparstarfsins að hið minnsta séu þrjú börn að meðaltali að baki hverri fjölskyldu sem fær aðstoð. Kemur það til vegna þess að allstór hluti þeirra fjölskyldna sem fá aðstoð, eða vel rúmlega 40%, eru af erlendum uppruna og margar þeirra barnmargar. Má hiklaust gera ráð fyrir að um fjögur þúsund manns, börn og fjölskyldur þeirra, hafi notið aðstoðar Hjálparstarfsins fyrir jólin nú og fyrir jólin 2022 og 2023.

Fyrir jólin 2022 sóttu 1.913 fjölskyldur um aðstoð Hjálparstarfsins. Árið 2023 voru fjölskyldurnar 1.860 en 1.809 fyrir nýliðin jól.


Árin þar á undan voru fjölskyldurnar öllu færri eða um 1.400 fjölskyldur að meðaltali á árabílinu 2011 – 2021. Má í samhengi minnst þess að hrunárin 2009 og 2010 leituðu um og yfir 4.000 fjölskyldur til Hjálparstarfsins hvort ár.

Gjafir í þúsunda vís


Eitt af mikilvægustu verkefnum Hjálparstarfsins ár hvert er að miðla fallegum jólagjöfum til barna sem búa við fátækt. Þessi jólin, eins og öll fyrri jól, skipta gjafirnar þúsundum sem starfsmenn og sjálfbóðaliðar hafa tekið á móti og miðlað áfram til stórs hóps barna.

Gjafirnar tryggja að undir jólatré í stofu fjölmargra fjölskyldna verður glaðningur sem ekki hefði verið þar að finna að öðrum kosti. Ef nákvæmni er gætt þá voru þær um þrjú þúsund talsins sem voru opnaðar á aðfangadag af um 700 börnum sem búa við fátækt. Forráðamenn barnanna geta valið um tvær til fjórar gjafir fyrir hvert barn; leikfang, bók, spil eða hlýjan fatnað. Því til viðbótar geta margir valið smærri gjafir sem henta vel til þess að setja í skóinn í aðdraganda jóla, þó þær séu ekki taldar með hér.


Húsnæði




Ástæða umsóknar



Kynjaskipting



Þjóðerni





Blómstraði þegar tækifærið gafst

Mercy hefur tryggt sér góða vinnu eftir útskrift úr smiðju UYDEL. Hún er bjartsýn og ætlar sér stóra hluti í framtíðinni.

Mercy Kwagala er nítján ára gömul stúlka sem vinnur sem ljósmyndari á Janetex Photo Studio í Kampala, höfuðborg Úganda. Félagsráðgjafar samtakanna UYDEL, samstarfsaðila Hjálparstarfsins, fengu ábendingu um að Mercy þyrfti aðstoð og buðu henni að koma til starfa í smiðju samtakanna í borginni. Það boð þáði Mercy og skráði sig á námskeið í smiðju sem samtökin reka í fátækrahverfinu Banda í janúar 2022.

Mercy, sem þá var 17 ára, þyrfti mjög á því að halda að brjótast út úr þeim aðstæðum sem hún var þá komin í. Hún fékk persónulega ráðgjöf frá félagsráðgjöfum auk náms og þjálfunar í klæðskurði, þar sem hún hafði áhuga á því að vinna við eitthvað tengt útliti og tísku. Því fékk hún einnig að starfa í jafningjafræðslu í smiðjunni á sama tíma og hún sótti námskeið í viðskiptafræði.

Grunnurinn lagður

Að námi loknu fékk hún starf í ritfangaverslun í Kampala en þar var henni einnig falið að taka passamyndir fyrir þá viðskiptavini verslunarinnar sem um slíkt báðu. Þar lærði hún grunninn í ljósmyndun og myndvinnslu. Þessi starfsreynsla hefur komið sér vel því hún fékk betur launað starf á fyrrnefndri ljósmyndastofu, hvar starfsmenn

Hjálparstarfsins hittu hana í heimsókn til Úganda í febrúar 2024. Hún segir að launin dugi henni til þess að kaupa sjálf allar helstu nauðsynjar en um leið getur hún stutt við foreldra sína og systkini.

„Ég er fædd og uppalin í Kampala. Ég ólst upp hjá mömmu en pabbi var ekki hjá okkur. Ég vil ekki tala mikið um það en ég á fimm systkini,“ segir Mercy sem flosnaði ung upp úr skóla. Það er á henni að skilja að samband hennar við móður sína sé jafnframt erfitt. Móðir hennar er strangtrúuð; predikari sem stórlega mislíkaði hvernig Mercy lifði lífi sínu og dreymdi um leiklistarnám, sem var á skjön við lífsýn móður hennar.

Hún segir að vinur hennar hafi sagt henni frá UYDEL sem breytti öllu til batnaðar í hennar lífi.



Mercy sýnir Bjarna Gíslasyni, framkvæmdastjóra Hjálparstarfsins, verkefni dagsins í Janetex Photo Studio.

„Fyrst þegar ég kom í UYDEL þá þorði ég ekki að svara spurningum félagsráðgjafanna. En bara nokkrum mánuðum seinna var ég beðin um að annast jafningjafræðslu í UYDEL,“ segir Mercy brosandí og bætir við að henni hafi gengið mjög vel að læra með aðstoð starfsfólksins í smiðjunum.

„Það var mjög gaman í smiðjunni. Ég eignaðist nýja vini og kynntist fullt af góðu fólki. Það var mjög gaman. Mörg þeirra eru enn góðir vinir mínir en ég hef misst sambandið við sum þeirra,“ segir Mercy sem viðurkennir að hún væri ekki sjálfstæð og að vinna fyrir sér ef hún hefði ekki farið í smiðjuna hjá UYDEL.

„Það væri ómögulegt. Eftir smiðjuna hafði ég sjálfstraust til að fara í atvinnuviðtal, en áður hafði ég ekkert sjálfstraust. Þau komu með mér og sögðu þeim að ég væri snjöll og dugleg. Þau hjálpuðu mér mikið,“ segir hún og bætir við að hana dreymir um að eignast sína eigin ljósmyndastofu.

„Ég er að safna peningum til þess að eignast mitt eigið fyrirtæki. Stofan mín á að vera nógu stór til þess að ég geti boðið vinum mínum að vinna með mér; þeim sem ekki eru í vinnu. Þó mig langi til þess þá get ég samt ekki haft alla vini mína í vinnu því þau verða að hafa þjálfun eins og ég. Þetta snýst allt um að hafa reynslu og þjálfun. Það er alveg sama við hvað þú ætlar að starfa – án reynslu og þjálfunar þá hefur þú úr litlu að velja,“ segir hún og kveður brosandí.

Í Úganda er Hjálparstarf kirkjunnar í samstarfi við samtökin Ugandan Youth Development Link, UYDEL, sem hafa áratuga reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum höfuðborgarinnar Kampala og eru leiðandi í baráttunni gegn mansali og barnaþrælkun í landinu.

Í höfuðborginni reka samtökin smiðjur fyrir börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára og fjármagnar Hjálparstarf kirkjunnar starfið í þremur þeirra. Í smiðjunum þremur stunda um 500 unglingar nám ár hvert. Markmiðið er að unga fólkið öðlist verkunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Í smiðjunum geta unglingarnir valið sér ýmis svið og öðlast nægilega færni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugetu. Einnig eru á dagskrá dans, leik- og sönglist og íþróttir. Mikið er lagt upp úr því að styrkja sjálfsmynd unglinganna sem koma úr ömurlegum aðstæðum í fátækrahverfunum.



Fallega fléttað hár má sjá hvert sem litið er í Kampala. Að læra að flétta er því eftirsótt. Hér eru nokkrar stúlkur að stíga sín fyrstu skref við að læra hárgreiðslu.



Rafvirkjun er vinsæl grein og þá ekki síst hjá strákunum sem sækja smiðjurnar í Kampala.



Stúlkurnar sem sækja menntasmiðjurnar sjá margar framtíðarmöguleika sína í því að vinna við hárgreiðslu – því er þéttsetið þar sem hárið er kennd.



Klæðskurður og saumar veker athygli margra þeirra sem sækja smíðjurnar – þessar stúlkur eru stoltar af flikunum sem þær eru að hanna og sauma.





Verstrar með svaladrykki og börnin komin í skóla

Dæmigerð húsaþyrping á verkefnasvæði Hjálparstarfsins í Eþíopíu hvar Bedra og fjölskylda hennar býr.

Bedra Hassen er þrítug sex barna móðir sem hefur búið í sveitarfélaginu Deneba í Kebribeyah héraði í Eþíopíu allt sitt líf. Eiginmaður hennar, Hussein Ali, er bóndi sem gerir sitt ítrasta til að yrkja jörðina við afleitar aðstæður. Bedra og eiginmaður hennar hafa um langt árabíl glímt við erfiðleika og fátækt. Svo slæm hefur staðan orðið að þau hafa efast um að þau geti séð fyrir börnunum sínum, tvíburadætrum og fjórum sonum.

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með þessum sárafátæku sjálfsþurftarbændum í Eþíopíu en þar ógna þurrkar og óstöðugt veðurfar fæðuöryggi fólksins. Einn þáttur þessa verkefnis eru sparnaðar- og lánahópar fyrir konur. Þær fá fræðslu um hvernig best sé farið af stað með eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hefja margar kvennanna að reka litla búð, stunda sauð- og geitfjárhald hæsnarækt og rækta grænmeti. Um samstarfsverkefni Hjálparstarfsins og Lútherska heimssambandsins (LWF) er að ræða með styrk íslenska utanríkisráðuneytisins.

Þraukaði og uppskar ríkulega

Bedra var valin til þátttöku í verkefninu ásamt hópi kvenna í Deneba. Eftir þjálfun og fræðslu um viðskipti

fékk hver þeirra litla upphæð að láni til eins árs sem er hugsuð til að stofna lítið fyrirtæki.

„Ég keypti fjórar geitur fyrir peninginn – allt huðnur. En þurrkarnir voru svo miklir að þrjár þeirra drápu og ég stóð uppi með aðeins eina sem ég íhugaði að selja svo ég gæti keypt mat og fleiri nauðsynjar. Svo slæm var staðan orðin,“ segir Bedra og bætir við. „En ég ákvað að þrauka og reyna að halda lífinu í geitinni minni. Svo kom rigningin eftir margra ára þurrka sem var gott fyrir okkur öll – og ekki síst dýrin.“ Nú hefur geitin hennar Bedru gefið henni og fjölskyldunni fimm kíðlinga sem gjörbreytti stöðu þeirra til hins betra.

„Ég seldi tvær geitur og fyrir peninginn stofnaði ég litla verslun. Þar sel ég símakort og svaladrykki. Ég er líka búin að endurgreiða lánið mitt að fullu.“



Bedra og einn af fjórum sonum. Þau eru hér fyrir utan heimili fjölskyldunnar sem er hefðbundið hús í sveitum Eþíópíu, samansett úr trégrind og klæðabútum stórum sem smáum.

Bedra segir jafnframt að geitamjólkin sé himnasending enda séu krakkarnir hennar sólgín í þennan næringarríka drykk. En stærsta breytingin er kannski sú að öll börnin sex, strákar sem stelpur, ganga nú í skóla sem lengi vel var útilokað og aðeins draumur einn.

„Ég ætla að halda áfram að byggja upp búðina mína og halda eins margar geitur og ég get. Ef það tekst þá þurfum ekki að hafa áhyggjur af framtíðinni,“ segir Bedra.

Ein saga af mörgum

Saga Bedru og fjölskyldu hennar er aðeins ein af mörgum slíkum af góðum árangri þróunarsamvinnuverkefnis Hjálparstarfsins í Eþíópíu. Verkbátturinn um valdeflingu kvenna virðist afar vel heppnaður. Starfsfólk og þátttakendur verkefnisins hafa lýst þeirri upplifun aftur og aftur í samtölum við starfsfólk Hjálparstarfsins. Konurnar sem taka þátt í verkefninu gera mikið úr litlu. Þær greiða lánin til baka í lang flestum tilfellum og njóta ávaxtanna sjálfar. Karlarnir eru ánægðir með að konurnar fái þetta tækifæri og virðast ekki skipta sér mikið af því hvernig lánin eru nýtt né fara þeir fram á að fá afraksturinn til sín.

ergo >

Pláss fyrir öll um páskana?

Við skiljum allar ástæður fyrir sjö sæta bíl



Reiknaðu dæmið á ergo.is



Fólk í hundruð þúsunda tali hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín vegna flóðanna. Mynd/OCHA

Mikil neyð í Suður Súdan

Hjálparstarf kirkjunnar sendi í lok síðastliðins árs tíu milljónir króna til hjálparstarfs í Suður-Súdan vegna ofsaflóða í landinu. Fleiri en 250 þúsund íbúar þurftu að flýja híbýli sín en flóðin eyðilögðu ræktarlönd fleiri en milljón íbúa.

Alls búa um 11 milljónir manns í þessu yngsta þjóðríki heims en Suður-Súdan lýsti yfir sjálfstæði árið 2011. Síðan þá hafa náttúruhamfarir, átök og matarskortur plagað þjóðina og lífsskilyrði versnað.

Afleiðingar flóðanna í haust eru þær að vegir eru í sundur og torveldar það allt hjálparstarf. Auk þess hefur skólastarf farið úr skorðum og aðgengi að heilsugæslu hefur versnað á tímum þar sem aukin hætta er á smitsjúkdómum.

Fjárstuðningurinn frá Íslandi rennur til neyðaraðstoðar, þróunarsamstarfs og friðaruppbyggingar í þágu fólks á vergangi, flóttafólks og íbúa í Suður-Súdan sem hafa orðið illa úti í flóðum. Því er um svokallað Nexusverkefni að ræða sunnan Sahara og er það í nágrenni verkefnasvæða Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda og Eþíópíu.

Framkvæmdaaðilar á vettvangi eru systursamtök Hjálparstarfsins í ACT Alliance sem eru í samstarfi við

staðarsamtök. Öll samtökin hafa starfað á svæðinu um áratugaskeið og þekkja aðstæður á vettvangi.

Framlag Hjálparstarfsins rennur til Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, sem er helsti samstarfsaðili Hjálparstarfs kirkjunnar í hjálparstarfi erlendis. LWF aðstoðar fólk í neyð með reiðufé fyrir nauðpurftum, fæði og húsaskjóli auk þess sem almannavarnir eru styrktar. Sálfélagslegur stuðningur er einnig veittur og vatn og hreinlætisaðstaða er sett upp. Unnið er að fæðuöryggi og tekið er tillit til mismunandi þarfa kynjanna. Þá er unnið að menntun og málsvarastarfi og síðast en ekki síst er unnið að friðsamlegum samskiptum í samfélaginu.

Framlag Hjálparstarfs kirkjunnar er að meðtöldum 8,5 milljóna króna stuðningi utanríkisráðuneytisins til mannúðaraðstoðar á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar.



Hlustaðu
allan
hringinn!



Fjögur samtök undirrituðu rammamningu í byrjun mars. Rauði krossinn á Íslandi, Barnaheill – Save the Children á Íslandi og SOS barnaþorpinn á Íslandi auk Hjálparstarfsins. Mynd/utanríkisráðuneytið.

Mikilvægur rammamningur gerður við utanríkisráðuneytið

Rammamningurinn er til fjögurra ára, nær til tímabilsins 2025 – 2028, og mun veita Hjálparstarfinu dýrmætan fyrirsjáanleika sem auðveldar skipulagningu verkefna og eykur viðbragðsflýti, til dæmis þegar neyðarástand skapast.

„Það er ómetanlegt fyrir Hjálparstarfið að fá þennan góða stuðning frá utanríkisráðuneytinu til fjögurra ára, samstarfsaðilar í þróunarsamvinnuverkefnum og mannúðaraðstoð hafa einnig tjáð okkur hvað þessi stuðningur skiptir þá miklu máli á tímum þar sem margir eru að draga í land og það eru þeir sem eru verst settir sem fara verst út úr því. Samstarfsaðilar okkar þakka fyrir frábæran stuðning frá Íslandi,“ segir Bjarni.

Samstarf stjórnvalda við íslensk félagasamtök á sviði mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu á sér langa sögu og hefur fjölbreytni verkefna aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Markmið með samningunum er að gott samstarf sé á milli ráðuneytisins og félagasamtakanna sem stuðla að árangri í þróunarsamvinnu, framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og bættum lífskjörum í lágtekjuríkjum.

„Þessir samningar eru til marks um það traust og góða samstarf sem utanríkisráðuneytið hefur átt við félagasamtök í þróunarsamvinnu. Það er í dag mikilvægara en nokkur sinni fyrr að við stöndum vörð um mannréttindi og okkar áherslur í þróunarsamvinnu. Því er svo mikilvægt að við vinnum saman og við sjáum fram á náið samstarf næstu fjögur árin,“ sagði Þorgerður Katrín við undirritun.

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á stuðning við fólk og samfélög með það að leiðarljósi að auka sjálfbærni þeirra, virkja þátttakendur og byggja upp staðbundna þekkingu til að hraða þróun. Verkefni á sviði þróunarsamvinnu eru unnin í Afríkuríkjunum Eþíópíu, Úganda og Malaví og er lögð áhersla á bættu lífsafkomu, að auka viðnámsþrótt gegn loftslagsbreytingum og jafnrétti kynjanna. Á sviði mannúðar leggur Hjálparstarf kirkjunnar áherslu á aðstoð í samvinnu við Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna (ACT Alliance) og hjálparstarf Lúterska heimssambandsins (Lutheran World Federation, World Service, LWF World Service).



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra og Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, undirrita samninginn

Pökkum stuðninginn!

REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf
Alba gistiheimili
Aldeilis auglýsingastofa ehf
Almenna bílaverkstæðið ehf
Arev verðbréfafyrirtæki hf
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf
Atlantsflug ehf
Augnæknar Reykjavíkur ehf
Aurum
Ásar-löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi
B M Vallá ehf
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf.
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf
Bílasmiðurinn hf
Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf
Breiðagerðisskóli
Brúnás innréttingar
BSRB - bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Dalfoss ehf
Danska kráin
Dental-I ehf
Durum restaurant
EEV Framkvæmd og ráðgjöf ehf
Efling stéttarfélag
Eldhús sælkerans ehf
Fanntófell ehf
Fasteignamiðlun Grafarvogs
Felgur smiðja ehf
Fjárhald ehf
Framvegis-miðstöð símenntunar
Gastec ehf
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gilbert úrsmiður-jswatch.com
Ginger ehf
Gnýr ehf
Gólfefnavef ehf
Grænn markaður ehf
Gull og silfur ehf
Gullnesti ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Örn - málningarþjónusta
Gæðabakstur og Ömmubakstur
Gæfumunir ehf
H.Jónsson ehf, rétting og sprautun
Hagi ehf-Hilti
Hampiðjan hf
Happdrætti Háskóla Íslands
Henson sports
Hey Iceland / Bændaferðir
Hið íslenska bókmenn tafélag
Hitastýring hf
Hjá Hrafnhildi
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hreinsitækni ehf
Húsaklæðning ehf-husco.is
Höfðakaffi ehf
Iclean ehf
Innréttingar og tæki
Intellecta ehf
Íslenska Gámafélagið ehf
Íslenski barinn ehf
JHM - sport.is
Jón Auðunn Kristinsson - Pípulagningameistari
K. H. G. Þjónustan ehf
Kemi ehf-kemi.is
Kjaran ehf
Kjöreign ehf, fasteignasala
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
Kolka ehf-Aldís Bára Einarsdóttir
Kólus ehf
Krua Thai, veitingastaður
Kvíka Grafísk hönnun

Landssamband lögreglumanna
Laugarásbíó
Lögræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar
hl
Lögskil ehf
Múrarmeistarafélag Reykjavíkur
Neshamar ehf
Nýi tónlistarskólinn
Óliudreifing ehf
Orka ehf
Ósal ehf
Óskaskrín ehf
Pípulagnaþjónusta Reykjavík ehf
Rafþekking ehf
RAMIS ehf
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Reykjavíkurborg
Reykjal þjónusta ehf
Samiðn samband iðnfélaga
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF
SHV pípulagningaþjónusta ehf
Sigurjónsson & Thor ehf
Skipulag og stjórnun ehf
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Skorri ehf
Skýrslur og skil
Snarmerki ehf - skiltagerð og raflagnaþjónusta
Stoð pallaleiga ehf
Sumargarðar ehf
Tannlæknafélag Íslands
Tannréttingar sf
Tannval Kristínar Gígju
TCM Innheimta ehf
Tensio ehf
Terra Export ehf
Tónastöðin ehf
Tónskóli Þjóðkirkjunnar
Túnþökupjónustan ehf
Tösku- og hanskabúðin ehf
Urðarapótek ehf
Úti og inni sf
VDO ehf
Verkfærasalan ehf
Verslun Guðsteins
Verslunin Vínberíð
Vesturröst-Serverslun veiðimanna
Vélar og verkfæri ehf
Vilhjálmsson sf, heildverslun
VK verkfræðistofa ehf
Vörn, öryggisfyrirtæki
Wiium ehf
XCO ehf

SELTJARNARNES

Horn í horn ehf, parketlagir

KÓPAVOGUR

ALARK arkitektar ehf
Alhliða pípulagnir sf
Arnardalur sf
Ásborg ehf
Birtingaholt ehf
Bílasprautun og réttingar Auðuns
Bílrúðumeistariinn slf
Bjartur rafverktaki ehf
Bliki bílamálun og réttingar ehf
Brunahönnun slf
EL-X rafverktakar ehf
Exton ehf
Félag stjórnaenda
GG Sport
goddí.is
GR Verk ehf
Hafið-fiskverslun ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hjallakirkja
Íslandslyftur ehf

Íslenskt sjávarfang ehf
Lakkskemman ehf
Litalausnir málningarþjónusta ehf
Lín design
Lyfjaval ehf
Rafsetning ehf
SM kvótaping ehf
Suðurverk hf
Sýni ehf
Zenus - sófar & gluggatjöld

GARÐABÆR

AH Pípulagnir ehf
Dráttarbílar vélaeiga ehf
Efnalaug og fatahreinsun Garðabæ
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Fagval ehf
Fimir ehf
Garðabær
Geislataekni ehf - Laser þjónustan
Hásandur ehf
Hjallastefnan ehf
iamhappy.is
Kerfóðrun ehf

HAFNARFJÖRÐUR

Aflhlutir ehf
Barkasuða Guðmundar ehf
Bubbi pípari ehf
Colas Ísland
Donna ehf
Fannalds Lagnir ehf
Gröfupjónusta Grafa og grjót ehf
GT Verktakar ehf
GPG ráðgjöf slf-Íslenskir endurskoðendur
Hafnarfjarðarhöfn
Holtanesti
Hvalur hf
Íshestar ehf
Lindaberg ehf
Netorka hf
Nonni Gull
S.G múrverk ehf
Strendingur ehf
Teknís ehf
ThorShip
Ungbarnasund Erlu

REYKJANESBÆR

algalif.com
Benni pípari ehf
Bergraf ehf
Bílasprautun Magga Jóns ehf
Brunavarnir Suðurnesja
DMM Lausnir ehf
Efnalaugin Vík ehf
Ellert Skúlason ehf
Ístek ehf
Jóhanna Ólafsdóttir
Kalka sorpeyðingarstöð sf
Kast.is
M² Fasteignasala & Leigumiðlun
Rétt sprautun ehf
S.Á. verkstæði ehf
Skólar ehf
Slæging ehf
TM Bygg ehf
Toyota Reykjanesbær
Trítón sf

GRINDAVÍK

Einhamar Seafood ehf
Stakkavík ehf

SUÐURNESJABÆR

Amp rafverktaki ehf
i-stay ehf
Lighthouse Inn
SI raflagnir ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf

MOSFELLSBÆR

Aftak ehf
Álguggar JG ehf
bilalokkun.is - kopsson.is
Dalsgarður ehf, gróðrarstöð
Draumagolf ehf
Dynkur ehf
Malbikstöðin ehf
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf
Nýja bílasmiðjan hf
Reykjabúið ehf
Útilegumaðurinn ehf
Verkstæðið ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf
VGH-Mosfellsbæ ehf

AKRANES

Garðar Jónsson, málarameistari
Hvalfjarðarsveit
Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili
Meitill - GT Tækni ehf
Trésmiðjan Akur ehf
Valfell fasteignasala

BORGARNES

B. Björnsson ehf
Borgarbyggð

STYKKISHÓLMUR

Bassi, ferðaþjónusta sif

GRUNDARFJÖRÐUR

Dvalarheimilið Fellaskjól

ÓLAFSVÍK

Steinprent ehf

SNÆFELLSBÆR

Hótel Búðir
Hellissandur
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga
KG Fiskverkun ehf
Skarðsvík ehf
Útnes ehf

BÚÐARDALUR

Rafsel Búðardal ehf

REYKHÓLAHREPPUR

Þörungaverksmiðjan hf

ÍSAFJÖRÐUR

Ferðaþjónustan í Heydal
Orkubú Vestfjarða ohf
Rörás ehf
Samgöngufélagið-samgongur.is
Sjúkraþjálfun Vestfjarða
Þrymur hf,vélsmiðja

BOLUNGARVÍK

Endurskoðun Vestfjarða ehf
Rafverk Alberts Guðmundssonar ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur

PATREKSFJÖRÐUR

Eyfaraf ehf

BÍLDUDALUR

Lás ehf

DRANGSNES

Hveravík ehf

ÁRNESHREPPUR

Árneshreppur - arneshreppur.is

HVAMMSTANGI

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Kvenfélagið lója

BLÖNDUÓS

Sörlatunga ehf

SAUÐÁRKRÓKUR

Byggðastofnun
Doddi málari ehf
Dögun ehf
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Hlíðarkaup
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Vörumiðlun ehf

VARMAHLÍÐ

Langamyri Fræðslusetur kirkjunnar

SIGLUFJÖRÐUR

JE Vélaverkstæði ehf
Primex ehf
Selvík ehf

AKUREYRI

Akureyrarapótek ehf
Bífreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf
Bílaleiga Akureyrar
Bílapartasalan Austurhlíð
Eining-lója
Enor ehf
Golfklúbbur Akureyrar
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-rettarholl.is
Grófargil ehf
Herradeild JMJ
Kollgáta Arkitektúr-kollgata.is
Ljósko ehf
Medulla ehf
Molta ehf
Norðurlagnir sf
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónssonar ehf
S.Guðmundsson ehf, múrverktaki
Samvirkni ehf
Stefna ehf
Urtasmiðjan ehf-urtasmiðjan.is, s: 463 1315
Veitingastaðurinn Krua Siam

GRENVÍK

Grýtubakkahreppur

DALVÍK

Híbýlamálun,málningarþjónusta ehf
Skeiðvíst
Whales Hauganes ehf

ÓLAFSFJÖRÐUR

Tunnan prentþjónusta ehf

HÚSAVÍK

Bókasafnið á Húsavík
Trésmiðjan Rein ehf
Val ehf

LAUGAR

Gistiheimilið Stóru-Laugar, s: 464 2990

MÝVATN

Vogar ferðaþjónusta

KÓPASKER

Vökváþjónusta Kópaskers ehf

VOPNAFJÖRÐUR

Bílar og vélar ehf

EGILSSTAÐIR

Héraðsprent ehf
Klausturkaffi ehf
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Múlaþing
Skógar BS ehf
Vaskur ehf, útvistarverslun

REYÐARFJÖRÐUR

Bakkagerði ehf
Fjarðaveitingar ehf
K-Tech ehf
Launafl ehf

ESKIFJÖRÐUR

Fjarðaprif ehf
Tandraberg ehf

NESKAUPSTAÐUR

Samvinnufélag útgerðamanna
Verkmennaskóli Austurlands

FÁSKRÚDSFJÖRÐUR

Kaskó ehf

HÖFNÍ HORNAFIRÐI

AJTEL ICELAND ehf
Klifá ehf, ferðaþjónustan Gerði ehf
Pakkhús - veitingar
Rósaberg ehf

SELFLOSS

Árvirkinn ehf
Bífreiðaverkstæðið Klettur ehf
Café Mika Reykholti
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi
Jeppasmiðjan ehf
Prentverk Selfoss ehf
Reykholm ehf
SG hús ehf
Stálkrókur ehf
Súperbygg ehf
Súperlagnir ehf
Tannlæknaþjónustan.is, s: 482 3333
Tré og Straumur ehf
Útfararþjónustan Fylgd ehf
Vélsmiðja Suðurlands ehf

HVERAGERÐI

Hótel Ör
Kjörís ehf
Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar ehf

ÞORLÁKSHÖFN

Sveitarfélagið Ólufus

ÓLFUS

Eldhestar ehf

FLÚÐIR

Riding Tours South Iceland ehf

HELLA

Freyðing ehf

HVOLSVÖLLUR

Krappi ehf, byggingaverktakar
Smári S ehf
Viðskiptaþjónusta Suðurlands - umboðsaðili TM trygginga

VÍK

RafSuð ehf

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Hótel Klaustur - Bær ehf

VESTMANNAEYJAR

Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Bókasafn Vestmannaeyja
Bragginn sf, bílaverkstæði
Gröfubjónustan Brinks ehf
Hótel Vestmannaeyjar
Ísfélag hf
Póley ehf
Prentsmiðjan Eyrún hf
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf

Gjöf sem gefur

Gjöf sem gefur



Framtíðarsjóður

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú ungmenni á Íslandi til náms.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs skort f.a. stuðning svo þau geti stundað nám á framhaldsskólastigi.

Stuðningurinn gerir þeim kleift að ljúka námi til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem veitir þeim starfsréttindi eða opnar þeim leið til háskólanáms. Ungu fólkid fær aðstoð við að kaupa námsgögn, greiða skólagjöld eða annað sem gæti orðið efnaminni nemendum hindrun í að ljúka námi.



Gjöf sem gefur



Vatn

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú fjölskyldu sem býr við sára fátækt ekki bara vatn heldur líka tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu. Vatnsskortur, landdrof og eyðimerkurmyndun einkenna landsvæðið sem fjölskyldan býr á í Sómalíykí.

Með brunni eða vatnsþró fyrir regnvatn er aðgengi að heilnæmu vatni aukid svo um munar og þá verður heilsan betri. Þegar fjölskyldan getur brynt dýrunum og veitt vatni á reaktarland eykur hún fæðubryggi sitt og smám saman verður lífsafkoman betri.

Gjöf sem gefur



Húsaskjól

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni þak yfir höfuðið og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr alnæmi stuðnings svo þau fái lífað mannsæmandi lífi.

Nýtt múrsteinshús gefur ekki bara skjól, það gefur stolt, bjartsýni og von um að nú verði allt auðveldara og betra. Húsið er múrholað og skordýr verpa ekki í holum í veggjum eins og í mólarkofanum. Af bárujúrsþakinu má safna vatni sem dugur langt inn í þurkatinann í stað þess að það streymi inn í gisinn kofann. Smám saman verður lífsafkoman betri.



Gjöf sem gefur



Geit

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni næringarríka fæðu og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr alnæmi stuðnings svo þau fái lífað mannsæmandi lífi.

Fjölskylda sem á geitastofn nýtur virðingar í samfélaginu. Suma kíðlinga má selja á markaði, aðra má nota til að stækka bústofninn enn frekar og svo er hægt að borða kjötid og njóta skinnid. Smám saman verður lífsafkoman betri.

